



Tillaga	A 1949/UKK
Flytjandi	Þingmenn Framfaraflokksins (Fremskrittspartiet) Helge André Njåstad (FrP) Tor André Johnsen (FrP) Himanshu Gulati (FrP)
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

A 1949/UKK Þingmannatillaga um kerfi í tengslum við lán á menningardýrgripum á milli norrænna stofnana

Þingmennirnir leggja það til ásamt Framfaraflokki að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún stuðli að því að tekið verði upp einfaldara kerfi og dregið verði úr skrifræði í tengslum við lán á menningardýrgripum á milli norrænna menningarstofnana

Bakgrunnur

Innan norrænna menningarstofnana er að finna ýmsa menningarlega dýrgripa sem hafa tengingu við og mikla þýðingu fyrir fleiri en eitt norrænt land eða svæði.

Tvö dæmi um slíkt, sem borið hafa á góma innan Norðurlandaráðs, eru annars vegar skjal sem inniheldur fyrsta prentaða eintakið sem vitað er um af skjaldarmerki Björgvinjar og hins vegar Samatromma. Eignarhald á hinni einstöku Samatrommu frá 1691 fluttist nýlega frá Þjóðminjasafni Danmerkur til samíska safnsins í Karasjok í Noregi. Skjalið með skjaldarmerki Björgvinjar tilheyrir Árnasafni í Kaupmannahöfn og til stendur að lána Landsbókasafni Noregs það. Samkvæmt bréfi sem Kaupmannahafnarháskóli hefur sent norska menningarráðuneytinu er einungis hægt að lána handrit í þrjú til fimm mánuði.

Þingmenn Framfaraflokksins vilja benda á að saga Norðurlanda er mjög samofin og því er eðlilegt að margir menningarlegir dýrgripir hafi mikið sameiginlegt gildi auk þess að geta haft mikið gildi fyrir tiltekið land eða svæði þrátt fyrir að vera í eigu annars lands. Þetta vandamál er einnig vel þekkt í mörgum öðrum heimshlutum þar sem menningarlegir dýrgripir eru af ýmsum ástæðum niðurkomnir í öðrum löndum en þeim sem þeir upprunalega tilheyra.

Þingmennirnir benda á að Norðurlönd séu í dag samþættasta svæði heims og að markmiðið sé að efla enn frekar tengslin á milli norrænu landanna. Með því að draga úr skrifræði og einfalda ferlið við lán á menningarlegum dýrgripum á milli norrænna



menningarstofnana getum við stuðlað að því að við kynnumst betur sameiginlegri sögu okkar og styrkjum þannig norræna samkennd.

Ósló, 3. mars 2023

Helge André Njåstad (FrP)
Tor André Johnsen (FrP)

Himanshu Gulati (FrP)